

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 8. júní 2017

v/móttökustöð SORPU í Gufunesi

Undanfarin misseri hefur orðið aukning í magni þess úrgangs sem berst móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi. Á sama tíma hefur krafa um aukna flokkun og aukinn aðskilnað efna orðið til þess að umfang í stöðinni er orðið þannig að horfir til vandræða. Móttökustöðin var byggð árið 1991 af mikilli framsýni og með útsjónarsemi hefur verið hægt að koma allri móttöku og vinnslu fyrir í og við húsið. Biðraðir eru nú orðnar algengari en áður var og losun t.d. sorphirðubíla sveitarfélaganna ekki á þann máta sem hentugast væri. Er nú svo komið að horfa þarf til stækkunar á stöðinni svo mæta megi fyrir sjáanlegri magnaukningu, bæði vegna fólksfjölgunar, vegna endur- og nýbygginga á höfuðborgarsvæðinu sem ráðgerðar eru og vegna fjölgunar viðskiptavina. Breytingar á vinnslu úrgangs t.d. í tengslum við gas- og jarðgerðarstöð hefur einnig áhrif á ferli úrgangs gegnum móttökustöðina og þar með rýmisþörf. Með breytingum má vonandi hámarka flæði gegnum stöðina og gera flæðið skilvirkara.

Í töflunni hér má sjá þá breytingu sem orðið hefur á helstu úrgangsflokkum sem og fjölda viðskiptavina (sölupantana). Magntölur eru í tonnum.

| Ár         | Fjöldi viðskiptavina | Blandaður úrgangur | Hreint timbur | Litað timbur | Grófur úrgangur | Óflokkaður úrgangur | Heildarmagn |
|------------|----------------------|--------------------|---------------|--------------|-----------------|---------------------|-------------|
| 2014       | 35.082               | 50.012             | 6.609         | 5.286        | 3.284           | 4.672               | 81.851      |
| 2015       | 39.387               | 50.964             | 7.592         | 6.118        | 4.555           | 4.174               | 86.053      |
| 2016       | 42.248               | 55.154             | 7.223         | 7.857        | 6.696           | 5.419               | 95.712      |
| 2017*      | 43.900               | 59.100             | 8.000         | 8.900        | 8.600           | 5.600               | 102.000     |
| Breyting** | 25,1%                | 15,4%              | 21,0%         | 68,4%        | 161,9%          | 19,9%               | 24,6%       |

\* Miðað við fyrstu 5 mánuði ársins 2017

\*\* Breyting í % milli árána 2014 og 2017

Á sama tíma og magn hefur aukist hefur starfsemin orðið flóknari – fleiri úrgangstegundir sem tekið er við (vegna kröfu um aukna flokkun) og flóknari vinnsla (málmflokkun, pappírsflokkun, timburvinnsla, plastflokkar). Ekki eru nein merki um að einhver magnminnkun verði á næstu árum eða að fjöldi úrgangsflokka fækki.

Undirritaður leggur til í ljósi ofangreindrar þróunar að framkvæmdastjóra verði falið að hefja þarfagreiningu og forhönnun á stækkun móttökustöðvar og jafnframt að hefja viðræður við skipulagsfirvöld í Reykjavík um stækkun byggingarreits á lóð móttökustöðvarinnar í Gufunesi.

Virðingarfyllt,

  
Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri